

## Nespresso opnar á Íslandi

**Nespresso opnar sérværslun í Kringlunni og því leitum við að einstaklingum til starfa sem hafa ástríðu fyrir kaffi.**

### Boutique Manager

Helsta hlutverk Boutique Manager, sem er yfirmaður sérværslunarinnar, er að halda utan um rekstur, tryggja góða þjónustu og leiða hóp starfsmanna. Um fullt starf er að ræða.

### Nespresso kaffisérfræðingur

Helsta hlutverk Nespresso kaffisérfræðinga er að bjóða viðskiptavinum upp á einstaka upplifun og leiðbeina þeim um val á kaffi og kaffivélum. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf.

Það er kostur að umsækjendur um bæði störfin hafi reynslu af vörslunarstörfum en þeir þurfa að:

- Vera þjónustulundaðir og jákvæðir að eðlisfari
- Geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði og drifkraft
- Vera góðir í samskiptum
- Hafa metnað til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til 8. október nk. en allar frekari upplýsingar um starfið veitir Sólrún Hjaltested í síma 575 4040.

Hægt er að sækja um störfin á [www.nespresso.is](http://www.nespresso.is)

Umboðsaðili Nespresso á Íslandi er Perroy ehf.



**NESPRESSO**®

*Nespresso er leiðandi á markaði í framleiðslu á hágæða kaffi, sem gert er úr besta mögulega hráefni, en fyrirtækið framleiðir og selur Grands Crus kaffi og kaffivélar.*

*Nespresso er með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss og starfar í 69 löndum, rekur yfir 600 verslanir með meira en 12.000 starfsmönnum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Nespresso: [www.nestle-nespresso.com](http://www.nestle-nespresso.com).*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



## Ert þú klár á kortunum?

### Sérfræðingur í þjónustustýringu kortamála

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum aðila með góða þekkingu á debet- og kreditkortþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í starf sérfræðings í þjónustustýringu.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Að fylgja eftir ábendingum viðskiptavina
- Straumlínulögun ferla og frumkvæði að umbótum í þjónustu, þróun og tekjuöflun
- Fræðsla fyrir starfsfólk um kortavörur og þjónustu
- Ferlavinna, greiningarvinna, skýrslugerð og stuðningur við samningagerð
- Samskipti við ytri og innri hagsmunaaðila varðandi útgáfu og rekstur greiðslukorta og tengdra lausna
- Umsjón með birgðahaldi og innkaup á kortaplasi
- Þátttaka í mótun stefnu og framtíðarsýnar í síbreytilegu umhverfi

#### Menntunar- og hæfniskröfur


- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á viðskiptalíkani og rekstri greiðslukortþjónustu
- Þjónustulund og frábær samskiptafærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Umbótahugsun

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristbjörg Héðinsdóttir forstöðumaður, netfang [kristbjorg.hedinsdottir@arionbanki.is](mailto:kristbjorg.hedinsdottir@arionbanki.is), sími 444 6012, og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, netfang [hildur.sigurdardottir@arionbanki.is](mailto:hildur.sigurdardottir@arionbanki.is), sími 444 6364.

Sótt er um starfið á [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2017. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskast og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. Saman látum við góða hluti gerast.



### The Pier óskar eftir hressu og hörkuduglegu fólki í eftirfarandi stöður:

- Fullt starf sem sölumaður á [Smáratorgi](#)
- Fullt starf sem lagerstarfsmaður og sölumaður á [Smáratorgi](#)
- Fullt starf sem sölumaður á [Korputorgi](#)
- Hálf starf sem sölumaður á [Selfossi](#)
- Vantar einnig starfsmenn í stakar vaktir í áfyllingar í öllum verslunum

#### Hæfniskröfur:

- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði, samvirkusemi og stundvísi
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

#### Starfssvið sölustarf

- Öll almenn verslunarstörf
- Sala og þjónusta við viðskiptavinum

#### Starfssvið lagerstarf

- Öll almenn lagerstörf
- Móttaka og frágangur á vörum
- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Sala og þjónusta við viðskiptavinum

Umsóknarfrestur er til og með 29. september nk.

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi ferilskrá ásamt upplýsingum um hvaða starf sótt er um á [pier@pier.is](mailto:pier@pier.is). Öllum umsóknum verður svarað.

## BÓKBINDARI

Óskum eftir bókbindara til starfa. Upplýsingar gefur Margrét í síma 544 4260 eða [magga@prentt.is](mailto:magga@prentt.is)

**Prenttækni**

## ERTU LAUS?

### Okkur vantar kraftmikið fólk í

- Samsetningu
- Inn- og útflutning
- Stálsmiði

Starfsumhverfið er gott, félagslífið sterkt, íþróttaðstaðan flott og mötuneytið í sérflokki.

Sæktu um á [marel.is/storf](http://marel.is/storf)





Óska eftir að ráða vana húsasmíði til starfa.

Fyrirtæki sinnir almennri smíðavinnu og sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum inná heimilum og vinnustöðum.

**Verkefni eru mjög fjölbreytt og krefjandi.**

Umsækjandi þarf að hafa sveinspróf í húsasmíði eða meistararéttindi, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, metnaðarfullur og með áhuga á að auka við þekkingu sína.

**Upplýsingar gefur Ágúst í síma 6998393.**

**Umsókn, ferilskrá og aðrar upplýsingar sendist á [gustismidur@gmail.com](mailto:gustismidur@gmail.com)**

# STÖRF Í BOÐI



EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:

**Smiðum** með reynslu í mótasmíði, vönum **járnmanni** og **sendli** með bílpróf.

Umsóknir óskast sendar á [svanur@ev.is](mailto:svanur@ev.is) fyrir 29. sept. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverksmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbýgginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkunnátta í árána rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjábúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

Neyðarlínan

## Tæknimaður

Neyðarlínan ohf. starfrækir meðal annars Tetra fjarskiptakerfið fyrir öryggis- og viðbragðsaðila, veitu- og orkufyrirtæki, samgöngufyrirtæki og fleiri ásamt því að reka fjarskiptakerfi fyrir sjófarendur og 112 neyðarsvörun. Í tæknideild fyrirtækisins starfar samhentur og öflugur hópur með breiðan bakgrunn í fjarskiptum. Vinnan fer aðallega fram á skrifstofu Neyðarlínunnar, Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík.

**Fyrirspurnum varðandi starfið skal beint til Tómasar Gíslasonar ([tomas.gislason@112.is](mailto:tomas.gislason@112.is)).**

Umsóknarfrestur

**8. október**

Starfssvið

- Umsjón og forritun Tetra-talstöðva.
- Umsjón með notendaskráningu og almenn þjónusta við notendur Tetra þjónustunnar.
- Kynning á virkni og eiginleikum kerfisins ásamt ráðleggingum við val á notendabúnaði og uppsetningu á fjarskiptaskipulagi.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/5712](http://capacent.is/s/5712)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð tölvukunnátta og áhugi á fjarskiptum.
- Reynsla og/eða þekking á Tetra fjarskiptum er æskileg.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Brennandi áhugi á starfsemi Neyðarlínunnar og þar með öllum viðbragðsaðilum landsins.
- Innsýn í starf viðbragðsaðila og almannaðjónustu kostur.
- Skipulagshæfni.



Neyðarlínan ohf. var stofnað í október 1995 og hóf 112 neyðarsímsvörun 1. janúar 1996. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, fjarskiptaþjónusta og skyldur rekstur. Rekstur neyðarvaktstöðvar er í samræmi við lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Neyðarlínan er staðsett í Björgunarmiðstöð Íslands, Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

Ásbrú Fasteignir

## Skrifstofustjóri

235 Fasteignir óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum. Skrifstofur félagsins eru á Ásbrú, Reykjanesbæ.

Umsóknarfrestur

**1. október**

Starfssvið

- Umsjón með fjármálum og bókhaldi.
- Þátttaka í áætlanagerð, uppgjörum og greiningum.
- Umsjón með innheimtumálum og millifærslum.
- Umsjón með launavinnslu.
- Önnur verkefni sem heyra undir skrifstofuna.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/5715](http://capacent.is/s/5715)**

Menntunar- og hæfniskröfur


- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af bókhaldi.
- Reynsla af rekstri, fjármálastjórnun, áætlanagerð og uppgjörum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og færni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og góð samstarfshæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent



235 Fasteignir er félag sem vinnur að útleigu, þróun og sölu fasteigna. Á skrifstofu félagsins starfa nú 5 starfsmenn.



## VERSLUNARSTJÓRI

**JACK & JONES** í Kringlunni leitar að kraftmiklum, skipulögðum og jákvæðum einstaklingi til að gegna starfi verslunarstjóra. Um er að ræða fullt starf í skemmtilegu og lifandi umhverfi.

Helsta hlutverk verslunarstjóra er að halda utan um daglegan rekstur, bera ábyrgð á sölu og þjónustu við viðskiptavinum og ásýnd verslunarinnar og leiða hóp starfsmanna.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af verslunarstjórn er kostur
- Þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Framundan eru breytingar á versluninni þar sem hún verður stækkuð og fær nýja ásýnd.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk. Hægt er að sækja um starfið á [www.bestseller.is](http://www.bestseller.is). Allar frekari upplýsingar veitir Sólrún Hjaltested mannauðsstjóri í síma 5754000.

**BESTSELLER**

VERO MODA name it JACK & JONES VILA SELECTED

Trésmíðaverkstæði óskar eftir smíð eða laghentum manni í samsetningar á gluggum og hurðum.

Einnig ýmis tilfallandi störf.

Upplýsingar  
í síma 894 3321



## Innkaupafulltrúi

Ríkiskaup óska eftir að ráða innkaupafulltrúa í fullt starf á Þjónustusvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavinum Ríkiskaupa.

### Meðal helstu verkefna eru:

- Innflutningur, tollskýrslugerð og verðútreikningur
- Innkaup og gerð sölureikninga.
- Samskipti vegna innkaupaverkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Að lágmarki 3 ára reynsla af innflutningi og innkaupafærlum
- Mjög gott tölvulæsi og tölvukunnátta
- Reynsla af innkaupa-, sölu- og tollakerfum nauðsynleg; t.d. Navision/Dynamics.
- Reynsla af Oracle kerfi er kostur
- Nákvæmni, skipulagshæfileikar og samskiptahæfni

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs í síma: 530 1419 eða á netfanginu: [ragnar.davidsson@rikiskaup.is](mailto:ragnar.davidsson@rikiskaup.is).

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir eigi síðar en 9. október n.k.

*Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir opinbera aðila. Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.*

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

**RÍKISKAUP**



# Grandinn 2018 MATHÖLL



Stefnt er að opnun mathallar á neðri hæð Húss sjávarklasans að Grandagarði 16, sumarið 2018.

Í mathöllinni verða básar og vagnar með nýstárlegum göturéttum sem innihalda það besta sem miðin og landið gefa af sér. Einnig verður aðstaða fyrir matarfrumkvöðla til að vinna að sínum hugmyndum.

Við leitum að kaup- og veitingamönnum sem hafa áhuga á að hefja rekstur í mathöllinni.

Áhugasamir sendi upplýsingar og hugmyndir fyrir 2. október á [sjavarklasinn@sjavarklasinn.is](mailto:sjavarklasinn@sjavarklasinn.is)

Íslenski sjávarklasinn

# Flugþjónar og flugfreyjur



Við leitum að flugþjónum og flugfreyjum í spennandi framtíðar- og sumarstörf.

Ef í þér býr umhyggja fyrir samferðafólki, þjónustulund og dugnaður – og þú sérð ævintýri í hverju horni – þá ættir þú að smellpassa í hópinn.

## Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð tæk á íslensku og ensku, önnur tungumál kostur
- Sjálfstæði og samvirkusemi í vinnubrögðum
- Árvækni, reglusemi og hæfni til að vinna undir álagi
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 23 ára

## Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum prófskírteinum ásamt einkunnum
- Nýtt sakavottorð
- Afrit af staðfestingu á grunnþjálfun (e. attestation) ef hún er fyrir hendi

Umsóknarfrestur er til 5. október 2017.

Þú sækir um starfið á vefnum okkar, [airicelandconnect.is/umsokn](http://airicelandconnect.is/umsokn)

Við hlökkum til að heyra frá þér.

**Air Iceland  
Connect**



# OPTIMA

Stofnað 1953

## Tæknimenn í Reykjavík

Optima óskar eftir að ráða 2 öfluga aðila í störf tæknimanna í Reykjavík. Viðkomandi starfsmenn koma inn í sterkan hóp starfsmanna Optima ehf.

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við flókin tæki og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

### Starfssvið:

- Viðgerðir á tækjum s.s. prenturum, skönnum, ljósrítunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið er með í sölu og þjónustu
- Uppsetning og viðhald hugbúnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði rafiðnfræði eða önnur sambærleg tæknimenntun
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Reglusemi og jákvætt hugarfar

Umsóknarfrestur er til og með 29. sept. nk. Umsóknum eiga að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, netfang: [radningar@optima.is](mailto:radningar@optima.is)



PG VERK  
www.tgverk.is



## Leiðtogi - verkstjóri

Ertu góður í mannlegum samskiptum, áttu auðvelt að fá fólk með þér, þá erum við að leita að þér! Við hjá PG verk leitum að kraftmiklum leiðtoga til að starfa sem verkstjóri hjá fyrirtækinu.

### Verkefni

- Stjórnun starfsmanna á verkstað
- Umsjón með starfsmannaráðningum á verkstað
- Verkefnastýring
- Samskipti við undirverktaka

### Hæfni

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, ábyrgðarfullur og hæfur stjórnandi með leiðtogaþæfileika.

- Góð reynsla úr byggingar og verktakastarfsemi er nauðsynleg
- Smiður (sveinspróf)
- Hafa þekkingu og reynslu af því að starfa í mælingu
- Reynslu af verkefnastýringu á verkstöðum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góða tölvufærni

## Liggur hönnun vel fyrir þér !

Ertu með auga fyrir hönnun, skipulagður og kanntu að lesa og rýna í byggingarteikningar, þá gætum við verið að leita að þér. Við hjá PG verk leitum að einstaklingi í 70% starfshlutfall til að sinna verkefnum tengdum frágangi íbúða og fleira.

### Verkefni

- Útfærsla og val innréttinga í samráði við innkaupastjóra
- Efnisval í íbúðir í samráði við innkaupastjóra
- Rýni teikninga og þátttaka í hönnun innra fyrirkomulags íbúða
- Umsjón og eftirfylgni með eignaskiptasamningum og skráningartöflum
- Umsjón og eftirfylgni með uppfærslu á byggingarstigum verkefna
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Hæfni

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, ábyrgðarfullur og með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og auga fyrir smáatriðum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Góða tölvufærni

Tekið er á móti umsóknum í gegnum síðuna okkar <http://tgverk.is/starfsumsokn> eða á netfangið [starf@tgverk.is](mailto:starf@tgverk.is)

Æskilegt að með umsókn fylgi ferilsskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 30. September 2017

PG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400

# ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?



## Við leitum að öflugum fólki í fjölbreytt störf

### SERVICE ENGINEER DALVÍK

Starfsaðstaðan er á Dalvík en viðkomandi þarf að geta ferðast innanlands vegna starfsins. Við leitum að öflugum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni í þverfaglegu teymi á sívaxandi markaði.

#### Starfssvið:

- Tækniþjónusta við viðskiptavinum innanlands
- Reglubundnar heimsóknir til viðskiptavina vegna fyrirbyggjandi viðhalds
- Ráðgjöf og þjónusta um rekstur og viðhald tækja Marel
- Uppsetning, bilanagreining og viðgerðir á tæknibúnaði Marel
- Þjónustuvakt og útköll því tengt
- Almennar viðgerðir á verkstæði Marel á Dalvík

#### Hæfniskröfur:

- Rafvirkjun, vélvirkjun eða vélstjórnun er skilyrði
- Önnur tæknimenntun er kostur
- Reynsla af sjálfvirkum kerfum
- Innsýn í framleiðsluferla
- Reynsla úr matvælaíðnaði og þekking á vörum Marel
- Lipurð og góð þjónustulund

### PRODUCT SPECIALIST WEIGHING AND GRADING

Marel leitar að vörustjóra í öflugt teymi sérfræðinga sem hafa umsjón með vöruflóru vigtunar- og flokkunarlausna. Leitað er að drífandi einstaklingi sem vill finna réttu lausnirnar fyrir markaðinn á réttum tíma.

#### Starfssvið:

- Tæknileg ráðgjöf við alþjóðlegt sölunet Marel og heimsóknir til viðskiptavina um allan heim
- Þátttaka í mótun og innleiðingu sölu- og markaðsstefnu fyrir vigtunar og flokkunarlausnir
- Samvinna og samskipti við vöruþróunarteymi

#### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf og/eða reynsla sem nýtist í starfi s.s. viðskipta- eða markaðsfræði, iðnaðar- eða rekstrarverkfræði
- Viðkomandi þarf að búa yfir góðum úrlausnarhæfileikum
- Jákvætt viðhorf, stefnumiðuð sýn og vilji til að starfa í teymi
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði

### TECHNICAL PLANNER

Starfið felur í sér að skipuleggja hönnunargögn frá söluverkahópi til framleiðslueininga og að halda utan um áætlanir um framtíðareftirspurn.

#### Starfssvið:

- Meta og mæta áætlun um eftirspurn í vél-, raf- og hugbúnaðarhönnun
- Áætla hönnunar- og biðtíma fyrir verkefni í tilbóðsfasa
- Skipuleggja pantanir inn í söluverkahóp og skila hönnunargögnum til framleiðslu
- Ábyrgð á uppfærslu áætlana í daglegum rekstri
- Ábyrgð á rekstri og þróun tóla sem notuð eru við áætlanagerð í söluverkahóp

#### Hæfniskröfur:

- BSc/MSc í viðskiptafræði eða raungreinum
- Góð þekking á auðlindastýringu og áætlanagerð
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og enskukunnátta
- Sjálfstæði, skapandi hugsun og skipulagshæfni
- Reynsla af ERP (SAP, DAX) er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 8. október.

Nánari upplýsingar um störf og umsóknarform er að finna á [marel.is/störf](http://marel.is/störf).

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.



# VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐ

Íslenska gámafélagið auglýsir eftir viðskiptafræðingi til starfa á fjármálasvið fyrirtækisins



## Helstu verkefni:

- Bókhald
- Innheimta
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar
- Önnur tengd verkefni

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum
- Gott vald á excel og reynsla af Axapta er kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Frumkvæði, faglegur metnaður og færni í samskiptum


Nánari upplýsingar um starfið veitir Rut Jónsdóttir fjármálastjóri, [rut@gamur.is](mailto:rut@gamur.is)

Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins, <https://umsokn.gamur.is>, en umsóknarfrestur er til og með 2. október.

Hjá Íslenska gámafélaginu starfa 250 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisspjónustu. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun VR og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttis stefnu. Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Mannauðs stefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fískisins „Fish Philosophy“. Mannauðs stefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

**ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ**  
Gufunesi [gamur.is](http://gamur.is) 577 5757



**Veðurstofa  
Íslands**

# Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

Hefur þú ástríðu fyrir gögnum? Viltu vinna með raungögn, eins og jarðskjálftamælingar? Viltu vinna í kviku hugbúnaðarþróun? Hvernig á eiginlega að geyma brotlausnir jarðskjálfta? Kannastu við hvað tímaraðgreining er? Viltu vinna í fjölbreyttu umhverfi að þverfaglegum verkefnum með spennandi vísindagögn og í vistvænu vinnuumhverfi? Lestu þá áfram!

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í hugbúnaðarþróun. Sérfræðingurinn mun starfa í þróunarhóp *Upplýsingatækni Veðurstofunnar* sem er hluti af *fjármála- og rekstrarsviði*.

Hlutverk Veðurstofunnar er m.a. að veita bestu fánlegu upplýsingum út í þjóðfélagið til að taka stórar sem smáar ákvarðanir hvort sem lýtur að almannaheill eða áhugamálum. Veðurstofan er ein stærsta gagnasöfnunar og úrvinnslustofnun landsins sem vinnur með gögn tengdum náttúruferfnum s.s. loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf.

**Hlutverk**  
Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun tekur þátt í þróunarverkefnum sem snúa að öllum helstu sviðum Veðurstofunnar. Áherslan er á þróun á viðmótskerfum og gagnagrunnum.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. tölvunarfræði eða sambærilegt
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Þekking á JavaScript, HTML, XML, JSON, og jQuery
- ▶ Þekking á Python
- ▶ Þekking á fyrirspurnarmálinu SQL, þekking PostgreSQL er kostur
- ▶ Þekking og farsæl reynsla af hugbúnaðar- og kerfisþróun
- ▶ Þekking á Linux stýrikerfinu, GIT, REST og öðrum forritunarmálunum s.s. C/C++, Java, Bash er kostur
- ▶ Þekking og reynsla af Agile Scrum vinnuferli er kostur
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og videigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita **David Steinar Guðjónsson** ([dsg@vedur.is](mailto:dsg@vedur.is)) og **Borgar Evar Axelsson**, mannauðs stjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is)), í síma **522 6000**.

Umsóknarfrestur er til og með **9. október nk**.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

*Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vedur.is](http://www.vedur.is)*

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)  
522 6000

# VERKEFNASTJÓRI á mannvirkjasviði

## Hæfni- og menntunarkröfur:

- Próf á sviði byggingaverkfræði, byggingafræði, tæknifræði, verkefnastjórnun eða öðru sambærilegu
- Góð reynsla í verk- og eða verkefnastjórnun við mannvirkjagerð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, úthlutun verkefna, skipulagshæfni og sjálfstæðum vinnubrögðum

Frekari upplýsingar og móttaka umsókna er hjá Sigurfinni Sigurjónssyni, í gegnum [finnur@vhe.is](mailto:finnur@vhe.is)



Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 9700 • [www.vhe.is](http://www.vhe.is)

## Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf

### STARFSMAÐUR ÓSKAST

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa á skrifstofu okkar á Selfossi.

Starfið felst í ferðaskipulagningu, tilboðsgerð og umsjón með starfsmannamálum bifreiðadeildar o.fl.

Vinnutíminn er 8-17 virka daga ásamt því að taka símavaktir.

#### Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Rútupróf eða þekking á stórum ökutækjum kostur
- Menntun er nýttist í starfi

Hægt er að sækja um á [www.gtyrfingsson.is](http://www.gtyrfingsson.is) eða senda umsókn á [helena@gtyrfingsson.is](mailto:helena@gtyrfingsson.is)

## ARKITEKT - BYGGINGAFRÆÐINGUR



Vegna fjölbreyttra verkefna framundan, leitum við að arkitekt og byggingafræðingi.

Við bjóðum upp á skemmtilegan vinnustað með góðum anda þar sem unnið er af metnaði. Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur er til **6. október**. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknir með ferilskrá og dæmum um fyrri verk sendist á [arkthing@arkthing.is](mailto:arkthing@arkthing.is)

[www.arkthing.is](http://www.arkthing.is)





# Snillingar í rafmagni

Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendum og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.

Við rekum stærsta veitukerfi landsins og úrræðagóðir starfsmenn gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar **í sambandi – alla daga.**

## Rafvirki

Rafvirkjar okkar sinna daglegum rekstri, eftirliti, viðhaldi í aðveitu- og dreifistöðvum og tengingum í há- og lágspennubúnaði. Þátttaka í nýframkvæmdum við háspennuvirki og bakvaktavinnu þar sem brugðist er við bilunum er jafnframt hluti þessa starfs.

**Ef þú ert með sveinspróf í rafvirkjun eða sambærilega menntun, ert lipur í samskiptum, býrð yfir metnaði og frumkvæði og átt auðvelt með að vinna sjálfstætt viljum við heyra í þér.** Reynsla af háspennurafvirkjun eða sambærilegum störfum er kostur.

## Verkamaður

Í þessu starfi vinnur þú í teymi með iðnaðarmanni og tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum í rekstri og uppbyggingu dreifikerfa Veitna. Helstu verkefni eru jarðvinna og aðstoð við iðnaðarmenn.

**Samskiptahæfni og öryggisvitund eru eiginleikar sem reynir á í þessu starfi.** Ef þú býrð yfir slíkri færni þá viljum við heyra í þér. Vinnuvélaréttindi og reynsla af jarðvinnu er kostur.

Rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri er leiðarljós í öllum störfum starfsfólks okkar. Við leggjum áherslu á að byggja upp góðan hóp fagfólks sem annast rekstur og viðhald í öllum rafkerfum Veitna.

**Við tökum á móti umsóknum á [www.veitur.is](http://www.veitur.is)** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **[starf@veitur.is](mailto:starf@veitur.is)**.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. október.**



Jafnlaunaúttekt  
PwC 2017



JAFNRÉTTISRÁÐ



VEITUR

## HRAFNI STA REYKJAVÍK



## Ný og spennandi staða sjúkraliða

Hrafnista í Reykjavík leitar að áhugasömum sjúkraliða til að vera hópstjóri á lítilli hjúkrunardeild sem að hluta til er fyrir heilabílaða. Í boði er dagvinna, virka daga.

### Hæfniskröfur:

- Starfsleyfi sjúkraliða
- Góðir samskiptahæfileika og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Störfín hjá Hrafnistu eru fjölbreytt og skemmtileg. Umsækjendur þurfa að hafa ríka samskipta- og samstarfshæfni og hafa gaman af því að umgangast eldra fólk.

Við hlökkum til að vinna með þér!

Sótt er um starfið á [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)  
Umsóknarfrest er til 7. október

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Eygló Tómasdóttur í síma 693-9524, einnig á netfanginu [eyglo.tomasdottir@hrafnista.is](mailto:eyglo.tomasdottir@hrafnista.is)



# ALEFLI

BYGGINGAVERKTAKAR

## Húsasmiðir

Óskum eftir að ráða húsasmiði vana mótauppslætti

## Verkamenn

Óskum eftir að ráða byggingaverkamenn

Upplýsingar gefur Magnús í síma 6604472

prooptik  
gleraugu

## Starfskraftur óskast

Við hjá Prooptik leitum að þjónustu-glöðum einstaklingi í 100% sölustarf sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: [matti@prooptik.is](mailto:matti@prooptik.is)

prooptik  
gleraugu

Háskólasetur  
Vestfjarða  
University Centre  
of the Westfjords

[www.uw.is](http://www.uw.is)



## Kennslustjóri

Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum kennslustjóra í fullt starf.

Kennslustjóri hefur umsjón með öllu sem við kemur þjónustu við nemendur og kennara við Háskólasetur Vestfjarða, þar með talið fjarnámi, prófum, nemendaskráningu, kennsluumsjónarkerfi og samningum við kennara í samræmi við fjárhagsáætlun. Kennslustjóri heldur utan um umsóknir nemenda í meistaranámi og undirbýr umsóknir fyrir meistaranámsnefnd.

Kennslustjóri tekur þátt í stefnumörkun varðandi uppbyggingu þjónustu og kennslu við Háskólasetur Vestfjarða, hann mun vinna í litlu teymi og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með fjarnámi og prófum
- Yfirumsjón með nemendaskrá
- Umsjón með umsóknarferli meistaranema
- Gæðamál náms
- Þjónusta við nemendur og kennara
- Samningar við stundakennara
- Námsráðgjöf og/eða tengiliður við námsráðgjafa
- Efling fjarnáms

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Meistaragráða æskileg
- Góð kunnátt í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, innsæi og metnaður í starfi

Upplýsingar um starfið veitir Peter Weiss forstöðumaður í síma 450 3045

Umsóknarfrestur er til og með 13.10.2017  
Umsóknir sendist á [weiss@uw.is](mailto:weiss@uw.is)

## S4S LEITAR AÐ

## ÖFLUGUM STARFSMANNI Á LAGER

ERT ÞÚ EINSTAKLINGURINN SEM VIÐ LEITUM AÐ? VIÐ ERUM METNAÐARFULL OG ERUM AÐ STÆKKA.

### Starfssvið

- Móttaka og vinnsla á nýjum vörum úr vöruhúsi og í verslanir
- Áfyllingar og samskipti við verslanir
- Áfyllingar á rekstarvörum fyrir verslanir
- Tiltektir og reikningagerð fyrir heildverslun
- Önnur lagerstörf

### Hæfniskröfur

- Skipulagshæfileikar og yfirsýn
- Góð tölvukunnátta – reynsla af Navision kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Fagleg og öguð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð
- Bílpróf

Konur jafnt sem karlar eru hvött/hvattir til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til og með **1. október** n.k. Umsóknir og ferilskrár sendist á [atvinna@s4s.is](mailto:atvinna@s4s.is) merkt lager.

S4S rekur verslanirnar Skór.is netverslun, Air.is netverslun, Steinar Waage, Ecco, Air, Kaupfélagið, Skechers, Kox og Toppskóna. S4S hefur fengið fjölda viðurkenninga t.d. frá Credit Info og VR.



S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmyndar fyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stórra fyrirtækja.

S4S



## Við stækkum og eflumst

Vegna ört vaxandi verkefna óska Vinnuvélar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa sem fyrst. Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða.

### Starfsmaður á verkstæði

#### Starfssvið:

- Standsetningar og smáviðgerðir
- Skipulag útsvæðið og lagers

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum
- Hæfni í mannlsgum samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Geta unnið sjálfstætt

Umsóknarfestur er til 6. okt.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið [baldur@vinnuvelar.is](mailto:baldur@vinnuvelar.is)



Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201709/1513
Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201709/1512
Starf í móttöku	Landspítali, rannsóknakjarni	Reykjavík	201709/1511
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201709/1510
Verkefnastjóri Símenntunar	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201709/1509
Sjúkraliðar	Landspítali	Reykjavík	201709/1508
Læknaritari	Landspítali, Miðst. um sjúkraskráritun	Reykjavík	201709/1507
Heilbr.starfsm. í samf.geðteymi	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201709/1506
Sérfræðilæknir	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201709/1505
Lífeindafræðingur	Landspítali, rannsóknakjarni	Reykjavík	201709/1504
Sérfræðingur, meðf-/fóstursvið	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201709/1503
Sjúkraliðar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201709/1502
Yfirlæknir	Landspítali, æðaskurðlækningar	Reykjavík	201709/1501
Starf í ætagerð	Landspítali, sýkla- og veirufræðideild	Reykjavík	201709/1500
Flutningastarfsmaður	Landspítali, flutningar	Reykjavík	201709/1499
Hjúkrunarfræðingur/ljósmaður	Landspítali, starfsnám til sérfr.	Reykjavík	201709/1498
Talmeinafræðingur	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Kópavogur	201709/1497
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201709/1496
Lyfjafræðingur	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201709/1495
Dýralæknir á markaðsstofu	Matvælastofnun	Reykjavík	201709/1494
Læknastöður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201709/1493
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201709/1492
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	Akureyri	201709/1491
Doktorsnemi við Viðskiptadeild	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201709/1490
Sjúkraþjálfarar	Landspítali	Reykjavík	201709/1489
Sjúkraliði/sóttthreinsitæknir	Landspítali, skurðstofur	Reykjavík	201709/1488
Sérfræðilæknir	Landspítali, brjóstaskurðlækningar	Reykjavík	201709/1487
Saksóknarar	Embætti ríkissaksóknara	Reykjavík	201709/1486



# SPENNANDI STÖRF HJÁ EIMSKIP

## GÆÐASTJÓRI EIMSKIPS FLYTJANDA

Eimskip Flytjandi í Reykjavík óskar eftir að ráða gæðastjóra sem vinnur náið með starfsstöðvum félagsins um allt land.

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Ábyrgð á mótun og endurhönnun gæðafarla
- Þróun og stýring umbóta í meðferð hitastýrðra sendinga í innanlandsflutningum
- Umsjón og eftirlit með mælingum á hitastýrðum sendingum í flutningakerfinu
- Innri úttektir á gæðakerfi og umsjón með umbótaverkefnum
- Innleiðing og eftirlit með verkferlum, þjálfun og fræðsla starfsfólks
- Gæða- og þrifaftirlit á öllum starfsstöðvum
- Samskipti við viðskiptavinum

### MENNTUN OG HÆFNI:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og geta til að leiða vinnu starfsmannahópa
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Reynsla af vinnu við gæðakerfi er nauðsynleg
- Reynsla af hönnun og innleiðingu ferla
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæð framkoma og góð hæfni til samskipta

## VERKSTJÓRI RAFMAGNSVERKSTÆÐIS

Eimskip óskar eftir að ráða til starfa verkstjóra rafmagnsverkstæðis félagsins í Sundahöfn. Verkstjóri ber ábyrgð á rekstri rafmagnsverkstæðis, rafveitu í Sundahöfn, rekstri og prófun á varaafsstöðvum og rekstri vélbúnaðar í kæli- og frystigeymslum í Reykjavík og Hafnarfirði.

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Skipuleggur vinnu starfsmanna í samstarfi við flokksstjóra
- Veitir ráðgjöf við nýbyggingar, breytingar og innkaup tækja
- Annast háspennutengingar krana félagsins í Reykjavík, á Grundartanga og á Reyðarfirði, sem og þjálfun kranamanna við notkun háspennutenginga
- Tekur þátt í áætlanagerð

### MENNTUN OG HÆFNI:

- Rafvirki með meistararéttindi eða rafmagnsiðnfræðingur af sterkstraumssviði
- Mikill kostur að vera með A-lögildingu eða að lágmarki uppfylla kröfur slíkrar lögildingar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af verkstjórn
- Reynsla af rekstri dreifikerfa kostur
- Reynsla af rekstri vélbúnaðar í kæli- og frystigeymslum kostur
- Reynsla af rekstri díselvaraafstöðva og viðhaldi stórra tækja kostur

Umsjón með ráðningum hefur Sigríður Guðmundsdóttir, [sirra@eimskip.is](mailto:sirra@eimskip.is).  
Eingöngu er hægt að sækja um störf í heimasiðu Eimskip, [eimskip.is](http://eimskip.is).  
Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2017.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.  
Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | [eimskip.is](http://eimskip.is)

## SÉRNÁMSSTAÐA Í HEIMILISLÆKNINGUM



Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) auglýsir sérnámsstöðu í heimilislækningum lausa til umsóknar. Aðalstarfsstöð er á Egilsstöðum og yfirlæknir þar er næsti yfirmaður.

HSA hefur langa reynslu af kennslu læknanema, kandiðata og sérfræðinema í heimilislækningum. Námið verður byggt á marklýsingu fyrir sérnámslækna í heimilislækningum. Við útfærslu marklýsingarinnar verður lögð áhersla á þann fjölbreytileika sem héraðslækningar kalla eftir og samtímis að tryggja aðgengi nemans að skipulagðri hópkenndu / námi fyrir sérfræðinema.



Staðan er auglýst til þriggja ára og á námstímanum er gert ráð fyrir námsdvöl á heilsugæslu í Skotlandi og Norður-Noregi, eina viku á hvorum stað. Kennslustjóri HSA aðstoðar nemann við skipulag sjúkráhusshluta námsins með áherslur héraðslækningar (Rural Medicine) í huga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Þátttaka í kennslu læknanema og kandiðata

### Hæfnikröfur

- Almennt lækingaleyfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki
- Vilji til þverfaglegar samvinnu (teymisvinnu)
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og faglegur metnaður
- Íslenskukunnátta áskilinn.

### Frekari upplýsingar um stöður og umsókn

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skila á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is), til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og starfsleyfi og ef við á um rannsóknir og greinaskrif. Öllum umsóknum verður svarað. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

### Nánari upplýsingar veita:

**Hrónn Gardarsdóttir**, heimilislæknir og kennslustjóri, S. 470-3000 og 865-4710, netf. [hronn@hsa.is](mailto:hronn@hsa.is)

**Pétur Heimisson**, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3050 og 860-6830, netf. [petur@hsa.is](mailto:petur@hsa.is),

**Emil Sigurjónsson**, mannauðsstjóri, s. 470-3050 og 895-2488, netf. [emils@hsa.is](mailto:emils@hsa.is).

Umsóknarfrestur er til 16.10. 2017

og staðan laus frá 01.01. 2018 eða eftir samkomulagi.

[www.hsa.is](http://www.hsa.is)

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpvogum til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

## Ráðgjafi í Hlaðgerðarkot, meðferðarheimili Samhjálp

Samhjálp óskar eftir að ráða áfengis- og vímuefnaráðgjafa á meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot. Um er að ræða fullt starf. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga og metnað til að sinna endurhæfingu áfengis- og vímuefnaneytenda.

**Hæfniskröfur:** Háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynsla af meðferðarstarfi.

**Nánari upplýsingar veitir Guðrún M. Einarsdóttir í 566 6140 eða [guðrun@samhjalp.is](mailto:guðrun@samhjalp.is)**

**Umsóknir sendist fyrir 9. október nk. á netfangið [samhjalp@samhjalp.is](mailto:samhjalp@samhjalp.is) merkt Ráðgjafi í Hlaðgerðarkoti.**



## MÁLARI ÓSKAST

Rótgróid fyrirtæki með trausta verkefnastöðu, óskar eftir að ráða framtíðarstarfsmann. Gengur starfsmaðurinn til liðs við samhentan hóp iðnaðarmanna, sem vinna að krefjandi en jafnframt fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

Áhugasamir eru beðnir um að hringja í Björgvin (897-7983) eða senda ferilskrá/upplýsingar á [retturmadur@gmail.com](mailto:retturmadur@gmail.com)

Virkt starfsmannafélag og góður starfsandi.

100 % trúnaði er heitið. Heimasiða fyrirtækisins er [vatnstjon.is](http://vatnstjon.is), en þar má kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

## Verkefnastjóri

Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) leitir að verkefnastjóra í hálfstarf á skrifstofu félagsins í Reykjavík frá og með 1. nóvember 2017. Verkefnastjóri sér um daglegan rekstur og utanumhald um starfsemi félagsins, tekur virkan þátt í þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna, annast upplýsingagjöf og hefur umsjón með fundum og fræðslumálum, auk þess að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum.

### Helstu verkefni

- Rekstur félagsins, innheimta félagsgjalda og félagatal
- Virk þátttaka í mótun og þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna
- Miðlun upplýsinga og þjónusta við forstöðumenn varðandi réttindamál og við úrlausn álitæfna
- Eftirlit með framkvæmd launasetningar, fylgjast með og kalla eftir endurskoðun launa og kjara vegna breytinga á störfum forstöðumanna eða launaþróun almennt
- Viðhald og þróun vefsíðu [www.ffr.is](http://www.ffr.is)
- Undirbúningur og utanumhald félags- og fræðslufunda með samstarfsaðilum, ritun fundargerða
- Samstarf við Kjara- og mannauðsýslu ríkisins

### Menntun og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og á sviði mannauðs- og kjaramála
- Þekking á starfsumhverfi forstöðumanna nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að sinna fjölbreyttum verkefnum
- Öguð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum,
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta, þekking á sviði vefumsjónar er kostur

Félag forstöðumanna ríkisstofnana er samstarfs- og hagsmunafélag og tengiliður við stjórnmálavöld varðandi málefni félagsmanna og stofnana. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir frá ráðningu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi aðildarfélags BHM.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2017 og sendist á [ffr@ffr.is](mailto:ffr@ffr.is).** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veitir Björn Karlsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana á [ffr@ffr.is](mailto:ffr@ffr.is). Sjá einnig [www.ffr.is](http://www.ffr.is)



## MOSFELLSBÆR

## Byggingarfulltrúi hjá Mosfellsbæ

### MOSFELLSBÆR LEITAR AÐ BYGGINGARFULLTRÚA Á UMHVERFISVIÐ

Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög (nr. 160/2010) og reglugerðir. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hefur eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum og annast önnur verkefni sem kveðið er á um í mannvirkjalögum. Byggingarfulltrúi starfar á umhverfissviði og leiðir faglega þróun byggingarmála innan sviðsins.

Helstu verkefni felast í samskiptum við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu. Þá annast byggingarfulltrúi útgáfu byggingarleyfa, yfirferð og samþykkt aðaluppdráttar, verkfræði- og séruppdráttar og útgáfu vottorða og skráningu mannvirkja.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

### Menntun- og hæfnikröfur:

- Prófráða í verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingarfræði skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Að lágmarki fimm ára starfsreynsla skv. 25. gr. mannvirkjalaganna
- Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. mannvirkjalaga

- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum byggingarleyfum er æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli
- Sjálfstæð, frumkvæði og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg
- Önnur skilyrði sbr. ákvæði mannvirkjalaga

### Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.





## Viltu vinna að betri heimi?

Íslandsdeild Amnesty International leitar að öflugri manneskju með brennandi mannréttindaáhuga í stöðu fjárflyunarstjóra. Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. [www.amnesty.is](http://www.amnesty.is).

Við leitum að að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur hugmyndaauði og skipulagshæfni.

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mikil skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu tölvulegra upplýsinga
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Hugmyndaauði og framsýni
- Áhugi á mannréttindamálum

### Við bjóðum :

- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín
- Möguleika á að vinna í alþjóðlegu samstarfi
- Tækifæri á að vinna að framgangi mannréttinda í heiminum.

Umsóknir skal senda á [tgi@amnesty.is](mailto:tgi@amnesty.is).

**Umsóknarfrestur er til 30. september 2017**

Æskilegt er að umsækjandi getið hafið störf fljótlega. Upplýsingar um starfið veitir Torfi Jónsson framkvæmdastjóri í gegnum tölvupóst [tgi@amnesty.is](mailto:tgi@amnesty.is).

## Lausar stöður hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

### ÞRJÁR STÖÐUR LÆKNA Í HEILSUGÆSLU HSA



Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir þremur læknum til starfa. Einum með aðalstarfsstöð í Fjarðabyggð, öðrum á Egilsstöðum og hinum þriðja á Djúpvaggi. Stöðurnar veitast frá 01.01. 2018 eða eftir nánara samkomulagi og eru 100%, nema um annað sé samið.

Austurland er stórt og dreifbýlt með um 11 þúsund íbúa, þar sem HSA sinnir heilsugæslu á 11 starfsstöðvum, rekur Umdæmissjúkrahús Austurlands í Neskaupsstað og þrjár hjúkrunardeildir. Auk lækna í heilsugæslu, skurðlæknis og svæfingalæknis á sjúkrahúsinu starfar húðsjúkdómalæknir hjá HSA og þar er reglulega veitt ýmiss konar önnur sérfræðipjónusta. HSA kemur að kennslu læknanema, kandiáta og sérfræðinema í heimilislækningum. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna með öðru fagfólki, þ.á.m. hjúkrunarfræðingum, lyfjafræðingum, ljósmæðrum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum.

### Hæfniskröfur

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum er æskileg.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu).
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.

### Nánari upplýsingar veita:

**Pétur Heimisson**, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. [petur@hsa.is](mailto:petur@hsa.is).

**Emil Sigurjónsson**, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. [emils@hsa.is](mailto:emils@hsa.is).

**Guðjón Hauksson**, forstjóri HSA, s. 470-3051, 470-1437 og 774-5030, netf. [gudjonh@hsa.is](mailto:gudjonh@hsa.is).



### Frekari upplýsingar um stöður og umsókn

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands, en áhugasamir eru hvattir til að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um kjör.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is), til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

**Umsóknarfrestur er til 16.10. 2017.**

[www.hsa.is](http://www.hsa.is)

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpvaggi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupsstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

## Forseti tækni- og verkfræðideildar

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar tækni- og verkfræðideildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn háskólans.

### Leitað er að einstaklingi með:

- Doktorspróf á sviði verkfræði eða skyldra greina.
- Reynslu af kennslu og rannsóknum á háskólastigi.
- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan tækni- og verkfræðideildar er fengist við kennslu og rannsóknir í verkfræði, tæknifræði, iðnfræði, íþróttifræði, byggingafræði og orkuverkfræði. Boðið er upp á nám á diplóma-, BSc-, MSc- og PhD-stigi. Um 1200 nemendur stunda nám við deildina og eru fastir starfsmenn um 50 talsins. Tækni- og verkfræðideild er aðili að alþjóðlegu samstarfsneti um þróun tæknináms sem kallast CDIO (e. Conceive, Design, Implement, Operate).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs ([sigridureg@ru.is](mailto:sigridureg@ru.is)).

Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, [radningar.hr.is](http://radningar.hr.is).

Umsóknarfrestur er til og með **15. október 2017**.

## Sérfræðingur í persónurétti

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) auglýsa eftir lögfræðingi til starfa. Starfið felur í sér ráðgjöf og stýringu innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá aðildarfélögum innan samtakanna. Þá myndi starfsmaðurinn gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir einstök félög innan samtakanna, eftir gildistöku löggjafarinnar.

### Umsóknarfrestur er til 29. september nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið eybjorg@samtok.is. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

### Hæfnis – og menntunarkröfur:

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur skilyrði
- Reynsla af innleiðingu verkferla / regluverks æskileg
- Þekking á evrópurétti og/eða persónurétti æskileg
- Reynsla af lögmannsstörfum æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af verkefnastjórn æskileg
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er hægt að nálgast hjá Eybjörgu Hauksdóttur framkvæmdastjóra SFV í s: 585-9531.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

SFV eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagsamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Aðildarfélög SFV eru 42 talsins. Mörg aðildarfélögunna eru öldrunarstofnanir, en einnig fyrirtæki með aðra starfsemi eins og heimahjúkrun, áfengismæðferð, þjónustu við hreyfihamlaða o.fl.

Sjá nánar á heimasíðu samtakanna [www.samtok.is](http://www.samtok.is)



Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn

Sími 483 3693 & 892 3742

[tresmidjan@tresmidjan.is](mailto:tresmidjan@tresmidjan.is) • [www.tresmidjan.is](http://www.tresmidjan.is)

Rótgróid byggingafyrirtæki óskar eftir duglegum og stundvísu smiðum eða mönnum vönum byggingarvinnu. Mikil og örugg vinna. Erum staðsett í Þorlákshöfn.

Allar nánari upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443



## ÓSKUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍÐ HJÁ JÓA FEL

Bakaríð hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf.

Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi. Um framtíðarstarf er að ræða.

Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

### STARFSKRÖFUR:

- Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund.
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknum skal skilað til Lindu á [linda@joifel.is](mailto:linda@joifel.is)

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut  
[www.joifel.is](http://www.joifel.is)

## Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 óskar eftir að ráða kraftmikla og áreiðanlega vaktstjóra til starfa á þjónustustöðvar sínar víðsvegar um landið.

### Helstu verkefni

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Vaktauppgjör
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- 25 ára eða eldri
- Samskiptafærni
- Rík þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Þjónustustöðvar N1 eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Við erum með vel staðsettar þjónustustöðvar og verslanir ásamt fyrsta flokks bílaþjónustu og öflugri fyrirtækjaþjónustu sem gerir N1 að sterkri heild.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Reynsla af störfum í verslun og þjónustu er kostur.

Kynntu þér málið og sæktu um á [www.n1.is](http://www.n1.is) – merkt framtíðarstörf.



Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.



## KAFFIBARÞJÓÐAR ÓSKAST

Í DAGVINNU OG HLUTASTARF

### HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bættast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

Aldurstakmark er 18 ára.

Um framtíðarstarf er að ræða

Umsóknir berist á [atvinna@teogkaffi.is](mailto:atvinna@teogkaffi.is) fyrir 30. september 2017



TE & KAFFI

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984. Landsmenn þekkja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi, í fullkomnu kaffibrennslu landsins, og rekstur kaffihúsa sem eru tólf talsins.

[www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is)

# Seltjarnarnesbær

## Laus störf

### Leikskóli Seltjarnarness

- **Deildarstjóri á leikskóladeildina Holt í Seltjarnarneskirkju**, fullt starf.
- **Leikskólakennari**, fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi**, fullt starf.

### Grunnskóli Seltjarnarness

- **Proskapjálfi**, fullt starf í skóla og frístundaheimili.
- **Stuðningsfulltrúar**, fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 1. október næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.*



Jafnlaunauðttekt  
PwC  
2016



SELTJARNARNESBÆR

[seltjarnarnes.is](http://seltjarnarnes.is)



Barnaverndarstofa

## Starf sérfræðings á meðferðar- og fóstursviði

Barnaverndarstofa auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á meðferðar- og fóstursviði stofunnar. Um er að ræða fullt starf sem felur meðal annars í sér:

- Samskipti og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, fósturfóreltra, meðferðaraðila á vegum Barnaverndarstofu og aðra fagaðila vegna skipulags og framkvæmdar þjónustu við börn í tilteknum úrræðum.
- Umfjöllun og afgreiðsla umsókna sem felur meðal annars í sér mat á upplýsingum barnaverndarnefnda og annarra fagaðila um umönnunar-/meðferðarþörf barna og viðeigandi þjónustu.
- Leiðbeiningar og gæðaeftirlit við gerð og framkvæmd meðferðarmarkmiða og -áætlana vegna barna á fóstur- eða meðferðarheimilum, m.a. börn sem glíma við alvarlega hegðunar- og/eða tilfinningaerfiðleika.

### Menntun og reynsla:

- Krafa um meistaraþróf eða sambærilegt próf af heilbrigðis- eða félagsviði.
- Krafa um þekkingu á sviði frávika í hegðun og þroska barna og unglinga, matsaðferðum, greiningarhugtökum og -tækjum og fjölbreyttum aðferðum í meðferðarvinnu með börnum og foreldrum.
- Þekking og reynsla af barnaverndarstarfi, sem og af gagnreyndum aðferðum í þjónustu við börn og fjölskyldur er æskileg.


### Persónulegir eiginleikar:

- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausarmiðað.
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Krafa um góða íslenskukunnáttu í rituðu og töluðu máli.
- Krafa um góða enskukunnáttu og æskileg kunnáttu í einu Norðurlandamáli.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október n.k.**

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 ([www.bvs.is](http://www.bvs.is)). Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið [bvs@bvs.is](mailto:bvs@bvs.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## — ÞJÓNUSTUSTJÓRI

# BRENNUR ÞÚ FYRIR NÝJUSTU TÆKNI OG ÞJÓNUSTU?

Ljósleiðarinn er nútímalegur vinnustaður þar sem fagmennska og góður starfsandi er í fyrirrúmi.

Við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleikum til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Ljósleiðarinn býður upp á frábær verkfæri fyrir starfsmenn eins og háþrúð kerfi, snjalltæki, öpp og sjálfsafgreiðslu.

**Sem þjónustustjóri** yrðir þú hluti af teymi sem ber ábyrgð á tæknilegri þjónustu við viðskiptavinum Ljósleiðarans. Þú myndir leiða og styðja við teymið, þróa þjónustuferla, veita tæknilega aðstoð og eiga samskipti við viðskiptavinum og samstarfsaðila Ljósleiðarans.

Ef þú hefur **ástríðu fyrir tækni, leysir mál og og gengur í verkin** þá viljum við heyrast í þér. Áhugi á fjarskiptum og menntun sem nýtist í starfi er kostur.

Við tökum á móti umsóknum á [ljosleidarinn.is](http://ljosleidarinn.is) þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Umsóknarfrestur er til og með **2. október**. Frekari aðstoð og upplýsingar veitir Ellen Yr Adalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu [starf@ljosleidarinn.is](mailto:starf@ljosleidarinn.is).



Jafnlaunauðttekt  
PwC  
2016

Ljósleiðarinn er vörumerki Gagnaveita Reykjavíkur þar sem fjölbreyttur hópur 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans.



LJÓSLEIÐARINN



## SPENNANDI FRAMTÍÐARSTARF

# ÖFLUGUR VÖRUFLOKKA- STJÓRI ÓSKAST FYRIR VERKFÆRI

FAGMENNSKA - DUGNAÐUR  
LIPURÐ - TRAUST

# BYKO

Hjá okkur er öflugur hópur starfsmanna sem myndar sterka liðsheid.

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi okkar og erum við ávallt að leita að góðu fólki

### Starfssvið

Vöruflokkastjóri hefur heildaryfirsýn yfir þá vöruflokka sem hann hefur í sinni umsjá. Starfið felur meðal annars í sér innkaup á verkfærum, samskipti og samningagerð við innlenda og erlenda birgja, samskipti við verslanir, áætlanagerð og markaðssetningu. Vöruflokkastjóri ber ábyrgð á vörubrúnum málum og verðlagningu.

### Hæfniskröfur

Við leitum að öflugum, markaðsdrifnum og talnaglöggu einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni ásamt því að vera stundvís, jákvæður og heiðarlegur. Þekking á rafmagns- og handverkfærum er kostur ásamt menntun sem nýtist í starfi og almenn þekking á byggingavörumarkaði. Gott vald á ensku og tölvukunnátta er nauðsynleg.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Gröndal, framkvæmdastjóri Vörustjórnunarsviðs, á netfanginu [sigridur@byko.is](mailto:sigridur@byko.is). Sótt er um starfið á [byko.is](http://byko.is)

Umsóknarfrestur er til 29. september.

Trésmíðaverkstæði óskar eftir smíð eða laghentum manni í samsetningar á gluggum og hurðum.

Einnig ýmis tilfallandi störf .

Upplýsingar  
í síma 894 3321



**Ertu arkitekt með góða reynslu í skipulagi og vilt komast í góða vinnu – eða breyta til?**

Ef svo er hafðu þá samband við Batteríð Arkitekta, [netfangid.sig.h@arkitekt.is](mailto:netfangid.sig.h@arkitekt.is) og leggðu inn CV og portfolíó.

## APÓTEK

Nýtt einkarekið Apótek í miðbæ Reykjavíkur leitar af réttu manneskjunn í fullt starf eða hlutastarf. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, vera sjálfstæð(ur) í störfum og sveigjanleg(ur) varðandi vinnutíma. Reynsla úr apóteki er æskileg sem og þekking á DK hugbúnaði. Góð ensku kunnátta eða annað erlent tungumál kostur. Lyfjatækninám kostur ekki skilyrði.

### Helstu verkefni eru:

- Afgreiðsla í verslun
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina um lausasölulýf
- Þöntun, móttaka og frágangur á vörum

Viðkomandi þurfa að gera hafið störf fljótlega. Vinsamlega sendið umsóknir á [skuli@viridis.is](mailto:skuli@viridis.is)

## Viðskiptastjóri Meniga



Hefur þú brennandi áhuga á markaðsmálum, ert frábær að tengja við fólk og með metnað til að læra á nýjustu tækni í netmarkaðssetningu? Ef svo er gæti þessi staða verið fyrir þig.

Sem viðskiptastjóri hjá Meniga skipar þú lykilhlutverk í að koma nýjustu vörum og þjónustuleiðum Meniga til framsækinna viðskiptavina á Íslandi. Einstaklingar sem þú munt vera í samskiptum við eru:

- Sölu- og markaðsstjórar hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins
- Lykilstjórnendur lítilla- og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi

Í þessu starfi yrðir þú partur af vaxandi sölu- og markaðsteymi á Íslandi, sem hefur það markmið að stækka hóp núverandi viðskiptavina og vera fyrirmynd fyrir nýja markaði Meniga erlendis.

### Starfslýsing:

- Sala og ráðgjöf til íslenskra fyrirtækja
- Utanumhald og uppbygging viðskiptatengsla við fjölbreyttan hóp fyrirtækja
- Þátttaka í þróun á nýjustu tækni á sviði markaðs- og solumála
- Þátttaka í hugmyndavinnu og undirbúningi kynningarefnis

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum og/eða ráðgjöf
- Góð þekking og/eða reynsla af markaðsgreiningum og markaðsstarfi
- Tölfræðiþekking og gagnalæsi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt stöðugildi á skrifstofu Meniga í Turninum Kópavogi. Umsóknarfrestur er til og með 6. október og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast til [atvinna@meniga.is](mailto:atvinna@meniga.is)





## BÓKBINDARI

Óskum eftir bókbindara til starfa.  
Upplýsingar gefur Margrét  
í síma 544 4260  
eða magga@prentt.is

**Prenttækni**



### Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra byggingarsvæði.  
Æskilegt er að viðkomandi sé iðnmeistari eða með tæknimentun og reynslu af stjórnun vinnusvæðis.

### Verkstjóri

Við leitum að duglegum einstaklingi til vinna við verstjórn á byggingarsvæði.  
Farið er fram á reynslu af verkstjórn í byggingarvinnu.

### Bókari

Leitum að starfsmanni í bókhald og almenna skrifstofuvinnu í ½ starf.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma 699-7100  
Netfang : kristinn@hhbyggingar.is



## Atvinna

Set röraverksmiðja

#### Starfsmaður á kynningar og markaðssviði

Við leitum að liðtækum einstaklingi til starfa við kynningar- og markaðssvið fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf við spennandi og fjölbreytt verkefni tengd kynningu fyrirtækisins á innlendum og erlendum markaði.

#### Helstu viðfangsefni starfsins eru:

- Uppsetning og hönnun á prentuðu kynningarefni.
- Innsetning og uppfærsla á efni fyrir vefsíðu.
- Þátttaka í kynningar- og markaðsstarfi fyrirtækisins.

#### Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Kunnátta á Adobe Illustrator og Photoshop kerfin.
- Hafa góða þekkingu og reynslu af CMS kerfum á borð við Wordpress.
- Gott auga fyrir útliti og uppsetningu á texta og myndum.
- Sveigjanleiki og færni í samvinnu við aðra.
- Gott vald á bæði ritaðri og talaðri enskri og íslenski tungu.

#### Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Ferilmappa með samantekt af fyrri verkum.
- Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sækja um fyrir 15. október nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.

Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mótuneyti er á staðnum.



Set ehf. | Eyravegur 41 | 800 Selfoss | Sími: 480 2700 | set@set.is | www.set.is

## Þjónusturáðgjafi



### Við hjá HEKLU leitum að hæfileikaríkum þjónusturáðgjafa til starfa í verkstæðismóttöku.

#### Starfssvið

- Samskipti við viðskiptavini
- Sala þjónustu og varahluta
- Skipulagning og frágangur þjónustuverka
- Uppgjör reikninga

#### Menntunar og hæfniskröfur

- Framúrskarandi þjónustulund
- Menntun sem nýtist í starfi
- Lausnamiðuð nálgun og hæfni í teymisvinnu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða sigridur@hekla.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á sigridur@hekla.is eða fyllt út á [www.hekla.is](http://www.hekla.is)


Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.



limtrevirnet.is



## Tæknifræðingur eða verkfræðingur óskast

#### Starfssvið

Hönnun á límtrésburðavirki fyrir byggingar. Deilihönnun og teiknivinna fyrir límtréshús með steinullareiningum. Þróunarvinna við hús með límtrésbitum og steinullareiningum.

#### Umsókn

Starfsúmsókn með ferilskrá skal senda á netfangið: [sg@limtrevirnet.is](mailto:sg@limtrevirnet.is) fyrir 4. október.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður í síma 412-5390 og 617-5390.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

Byggingatæknifræði B.Sc./Byggingaverkfræði M.Sc. Þekking á teikni- og hönnunarforritum. Þekking á teikniforritinu Revit Architecture er kostur. Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu. Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi. Frumkvæði og faglegur metnaður.



# SAMSKIP



## > Forstöðumaður hugbúnaðardeildar Samskipa

Samskip leita að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að veita hugbúnaðardeild Samskipa á Íslandi forstöðu.

Hugbúnaðardeild ber ábyrgð á framþróun og verkefnastjórnun verkefna tengdum upplýsingakerfum Samskipa og skilgreiningum á ferlum. Forstöðumaður ber ábyrgð á gerð rekstraráætlana fyrir eininguna og fylgir þeim eftir með virku kostnaðareftirliti. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri einingarinnar þ.m.t. starfsmannamálum, eftirfylgni verkefna og samskiptum við viðskiptavinum og birgja. Forstöðumaður vinnur í nánu samstarfi við aðra stjórnendur fyrirtækisins og starfsmenn innan upplýsingasviðs Samskipa samstæðunnar. Forstöðumaður mun taka þátt í stefnumörkun og þróun á framtíðar upplýsingakerfum fyrirtækisins.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfið
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Metnaður og frumkvæði
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og eiginleika.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, samskip.is. Umsóknarfrestur er til með **1. október nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Þór Ragnarsson framkvæmdastjóri upplýsingasviðs, [ragnar@samskip.com](mailto:ragnar@samskip.com)

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáðstöðu.

## STRÁ



### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
[stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) - [gudny@stra.is](mailto:gudny@stra.is) - [www.stra.is](http://www.stra.is).

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

[www.stra.is](http://www.stra.is)

## HEILBRIGÐ HÚS EHF

Óska eftir að ráða vana húsasmiði til starfa.

Fyrirtæki sinnir almennri smíðavinnu og sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum inná heimilum og vinnustöðum.

**Verkefni eru mjög fjölbreytt og krefjandi.**

Umsækjandi þarf að hafa sveinspróf í húsasmiði eða meistaráttindi, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, metnaðarfullur og með áhuga á að auka við þekkingu sína.

Upplýsingar gefur Ágúst í síma 6998393.

Umsókn, ferilskrá og aðrar upplýsingar sendist á [gustismidur@gmail.com](mailto:gustismidur@gmail.com)



Við fengum frábært fólk þegar við auglýstum síðast og nú vantar fleiri frábæra starfsmenn hjá Curio

Curio ehf. í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöðum:

### Lager- og innkaupastjóri

#### Starfssvið:

- Lagerhald, vöruskráning, innkaup og samskipti við viðskiptavinum og birgja

#### Hæfniskröfur:

- Skipulagshæfni
- Stundvísi
- Vandvirkni
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

### Rafvirkni/rafvélavirkni/rafeindavirkni

#### Starfssvið:

- Uppsetningar, tengingar og viðgerðir á rafbúnaði véla Curio, ásamt öðrum almennum tilfallandi rafvirkjastörfum

#### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð og metnaður til að skila góðri vinnu
- Þarf að geta unnið sjálfstætt
- Færni í mannlegum samskiptum

### Tæknimenn í samsetningu:

#### Starfssvið:

- Samsetning, prófanir og viðhald á fiskvinnsluvélum

#### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða góð reynsla í málmíðnaðargreinum eða vélavíðhaldi
- Geta til að starfa í hópi sem og sjálfstætt
- Gerð er krafa um íslenskukunnátta, stundvísi og vandvirkni í störfum
- Bílpróf er skilyrði og lyftaþróf er kostur

#### Við erum:

Curio ehf. er framsækið fyrirtæki í framleiðslu fiskvinnsluvéla fyrir innlendan og erlendan markað. Við smíðum okkar vélar frá grunni; allt frá smæstu íhlutum til þeirra stærstu. Hjá okkur eru lausnirnar aðalatriði, ekki vandamál.

Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi, sanngjörn laun og krefjandi en jafnframt skemmtilega vinnu.

Vinsamlegast skilið inn umsókn og ferilskrá á rafrænu formi til: [steinmar@curio.is](mailto:steinmar@curio.is)

Allar nánari upplýsingar veitir Steinmar í síma 892 9865

Umsóknarfrestur er til **1. október 2017**

ráðum  
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)



## We are hiring

Meniga is the European market leader of Personal Finance Management and next-generation digital banking solutions. We here at Meniga design products and apps that help people understand and improve their financial lives.

### Visual Designer

#### Job description

In your role as a Visual Designer, your mission will consist to work on and simplify complex concepts through innovative and functional design solutions. You'll be working closely with the product team to come up with new ideas and iterate on our current features and work with extremely talented, ambitious and fun group of Menigans.


#### Responsibilities

- Work on the visual elements of our products in collaboration with the product and development teams.
- Work collaboratively across the Product and development teams, to ensure a consistent, integrated design perception and user experience.
